



Nýtt vefrit Heimilis og skóla



Þessar ungu stúlkur í Brekkuskóla á Akureyri virðast svo sannarlega njóta grautarins.
Ljósmynd:
Skapti Hallgrímsson

Boðið upp á hafragraut

Heimili og skóli vill hrósa þeim skólum sem bjóða nemendum sínum upp á ókeypis hafragraut í morgunsárið og vill hvetja fleiri skóla til að taka upp þann góða sið. Hafragrautur er bæði hollur, góður og seðjandi en auk þess ódýr og einfaldur. Að minnsta kosti fimm skólar á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á slíka þjónustu. Fellaskóli, Laugalækjarskóli, Vesturbæjarskóli og Lækjarskóli bjóða allir upp á hafragraut á

morgnana. Engjaskóli býður nemendum auk þess upp á lýsi ef þeir vilja. Núna nýlega tók Brekkuskóli á Akureyri upp þennan sið en ein ástæða þess að skólinn tekur þetta skref er að sögn skólustjóra sú að of mikið er um það um allt land að nemendur mæti hreinlega svangir í skólann á morgnana. Skemmst er frá því að segja að grauturinn sló í gegn og er árbíturinn holli væntanlega kominn til að vera.

Með útgáfu þessa nýja vefrits, **Samstíga**, vill Heimili og skóli efla tengslin við félagsmenn sína. Vefritið mun koma út einu sinni í mánuði og er ætlunin að kynna það helsta sem er á döfinni. Við viljum hvetja félagsmenn okkar til að senda okkur ábendingar um áhugaverð mál, nýjungar eða vel unnin störf í tengslum við heimili og skóla. Ritstjóri **Samstíga** er Ólöf Dagný Óskarsdóttir.

SAFT á Tækni og vit

Nú er lokið sýningunni Tækni og vit 2007. Þar fór fram kynning á SAFT verkefninu og voru



Foreldraverðlaunin 2007

Síðasti skilafrestur tilnefninga er 4. apríl

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt 15. maí 2007 í 12. sinn. Að auki verða veitt hvatningarverðlaun til einstaklinga, skóla, sveitarfélaga og fyrirtækja ef tilefni þykir til. Með þessari verðlaunaafhendingu vill Heimili og skóli vekja jákvæða eftirtekt á grunnskólanum og því gróskumikla starfi sem þar fer fram og stuðlar að öflugra samstarfi heimila og skóla, sveitarfélaga og fyrirtækja. Tilgangurinn er einnig að hvetja fólk og stjórnendur

fyrirtækja til að gefa starfsfólki sínu svigrúm til að sinna skólagöngu barna sinna.

Nánari upplýsingar má fá á heimiliogskoli.is eða á skrifstofu samtakanna í s.562 7475.



marginir sem lögðu leið sína í bás samtakanna, en um 15.000 manns heimsóttu stórsýninguna Tækni og vit 2007, sem haldin var í Fífunni í Kópavogi 8.-11. mars.

Það er mikið ánægjuefni hve marginir þekktu til SAFT verkefnisins enda er mikil vitundarvakning á meðal almennings um örugga og jákvæða netnotkun barna og unglunga. Flestir sem heimsóttu SAFT básinn höfðu orðið varir við auglýsingaherferðina og þau verkefni sem SAFT hefur staðið fyrir undanfarnar vikur ásamt samstarfsaðilum.